

Reykjavík, 4. maí 2015.

Atvinnuveganefnd

## Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl. Þingskjal 1165 — 691. mál

Verði þetta frumvarp óbreytt að lögum mun það hafa veruleg neikvæð áhrif á afkomu fjölda báta sem hafa lagt í mikinn kostnað (ca 2 -15 milljónir á bát) við að útbúa báta sína á makrílveiðar. Ég sjósetti nýjan 10 metra bát í ágúst 2014 og náði aðeins 25 tonnum af makríl sem mun að óbreyttu veita mér kvóta upp á ca 11 tonn og því útiloka frekari þátttöku mína í makrílveiðum.

Frá því að makrillinn gaf sig í veiðanlegu magni á grunnslóð 2011 hafa um 160 bátar stundað þessar veiðar með misjöfnum árangri.

95 af þessum 160 bátum munu fá 0 - 30 tonn samkvæmt frumvarpinu, miðað við að í hlut smábáta komi 5% eða 7.500 tonn.

Það þarf ekki mikla reiknimeistara til að átta sig á að þeir munu ekki hafa grundvöll til að stunda makrílveiðar áfram til að borga af sinni fjárfestingu og hafa engan möguleika að leigja kvóta frá þeim sem t.d. fær mest úthlutað, en sá bátur hefði getað haft haft rúm 200 tonn til leigu í fyrra því hann veiddi aðeins 1/3 af því sem hann fær úthlutað í kvóta verði frumvarpið að lögum.

Misjafn árangur smábáta kemur til af mörgum ástæðum:

Makrillinn hefur gefið sig á afar litlum blettum, aðallega á fjórum stöðum við ströndina, misjafnt milli ára. Þessir staðir eru við Grindavík, Keflavík, Snæfellsnes og Húnaflói/ Steingrímsfjörður.

Þeir bátar sem ekki hafa verið við veiðar á þessum blettum, hafa nánast engum árangri náð í veiðum, en margir þraukuðu nálægt sinni heimahöfn í von um að makrillinn léti sjá sig þar.

Bátar eru mjög misjafnlega búnir á þessa veiðar og þeir bátar sem hafa hringsónar hafa haft mikið forskot við veiðarnar.

Margir bátar hafa unnið sér inn stóran hluta aflareyslu sinnar með því að landa mis miklu magni af vatni og ís, heyrst hafa tölur upp í 40-50%. Því að á síðustu vertíð var löglegt að endurvikta ekki aflann heldur loka viktinni á 3% íshlutfalli, sama hvort það var vatn eða makrill í karinu. Menn léku sér að þessu þar sem þeim grunaði að kvóti yrði settur á veiðarnar að ári sem virðist ætla að verða raunin og sá sem að keypti makrillinn af mér mælti með að loka á 3% íshlutfalli því þá fengi ég meiri kvóta!!! en í reyndinni var íshlutfallið miðað við það sem ég fékk greitt fyrir um 18%.

Þeir aðilar sem voru í þróunarvinnu með innlendum veiðarfæraframleiðendum eins og Slippnum/DNG veiddu um það bil helmingi minni afla en aðrir meðan þeir voru með búnaðinn í þróun. Því refsar þetta frumvarp þeim en hyglir þeim sem notuðu búnað sem hannaður var í Noregi upp úr árinu 2000, sem hægt var að fá teikningar og vídeo af á internetinu. Það er staðreynd að flestir þessir "frumkvöðlar" þróuðu ekki neinn búnað til veiðanna heldur notuðu búnað í óbreyttri mynd frá Noregi.

Í skýringum með frumvarpinu er talað um þessa aðila sem hófu handfæraveiðar sem frumkvöðla sem "þróuðu veiðiaðferðirnar, sem síðan hafa verið notaðar, njóti þessa frumkvöðlastarfs."

Það fer um mann kjánahrollur að hugsa til þess hvernig þessi texti ratar inn í skýringar með frumvarpinu og læðist að manni grunur um að þessir "frumkvöðlar" hafi kanski komið aðeins of mikið með puttana í frumvarpið til að auka sinn skerf.

Í skýringum með frumvarpinu er þessi texti "Það liggur fyrir að smábátar veiddu 300 – 400 tonn á síðustu dögum makrílvertíðarinnar 2014. Þetta bendir til mikillar afkastaaukningar sem að óbreyttu mun leiða til mikillar óhagkvæmi þar sem bátum fjölga þar til afkoman er orðin bersýnilega neikvæð."

Fróðlegt hefði verið að birt hefði verið sú viðmiðunartala í tonnum sem í felst óhagkvæmni og "afkoman er orðin bersýnilega neikvæð."

Því auðvelt er að leysa óhagkvæmnina með því að gefa krókaveiðar frjálssar upp í fasta tonna tölu á bát, upp fyrir viðmiðunarmörk óhagkvæmni, ef þau mörk finnast.

Veiðar smábáta úr heildarpotti hafa verið kallaðar ólympískar veiðar og það hafa verið færð gild rök fyrir neikvæðum afleiðingum þeirra. En á engan hátt er hægt að rökstyðja hlutdeildarsetningu út frá aflareynslu, hvað þá með 43% álagi. Til að auka haghvæmni veiðana væri réttlátast í ljósi afar misjafnrar aðstöðu aðila landfræðilega og búnaðarlega, að fara Norsku leiðina og úthluta jafnt á alla báta.

Þau 5% sem ætluð eru til línu og handfæraveiða (smábáta) eru ekki byggð á sanngjörnu mati á veiðireynslu, því fyrstu árin sem makríllinn gaf sig á miðunum gaf hann sig ekki á grunnslóð og því ekki í færi fyrir smábáta. Smábátarnir sem fæstir voru útbúnir með hringsonar, þurftu að fjárfesta í búnaði sem í sumum tilvikum slagaði upp í 30-40% af verðmæti bátanna. Nóta og togskipin gátu veitt hann án þess að fjárfesta í nokkrum búnaði og mokuðu makrílnum í gúanó til að fá sem stærstan hluta af kökunni.

Ég skora á atvinnuveganefnd að hleypa þessu frumvarpi ekki óbreyttu í gegn. Það mun skapast sundurlyndi milli aðila í útgerð smábáta því aðeins 15-20% af þeim sem hafa stundað veiðarnar munu hafa þokkalegan rekstrargrundvöll.

Það er tímaskekkja að árið 2015 skuli stjórnvöld ætla að skorða niður útgerð sem er í þróun á grundvelli skiptingar sem er á þann veg að „fyrstur kemur fyrstur fær,“ **ALLT**

Með kveðju, Axel Helgason kt. 070270-4639